

A 1879/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um að efla norrænu landamæranefndirnar****Tillaga****Fejl! Ukendt betegnelse for dokumentegenskab.** leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að starf landamæranefndanna verði eflt og að þegar á þessu ári verði grunnfjárveiting til allra 12 nefndanna aukin

að árleg grunnfjárveiting til hvernar af landamæranefndunum 12 verði aukin úr 400.000 DKK, eins og nú er, í 750.000 DKK á tímabilinu 2021–2024

að lagt verði mat á starfsemi landamæranefndanna með það fyrir augum að styrkja þær enn betur í samræmi við þær áherslur sem Norðurlandaráð hefur í norrænu samstarfi.

Bakgrunnur

Landamæranefndirnar vinna gott starf við að reka ýmis verkefni þvert á landamæri Norðurlanda og gerðar eru auknar kröfur til þeirra um aðkomu að þeim aðgerðum sem Norðurlandaráð stendur fyrir. Á sama tíma eru efnahagslegar forsendur með þeim hætti að fjárveitingar til landamæranefndanna hafa ekki verið leiðréttar m.t.t. vísitölu í yfir 10 ár.

Vel starfandi landamæranefndir eru nauðsynlegar ef okkur á að takast að halda uppi góðri starfsemi og vekja athygli á norrænu samstarfi á ólíkum svæðum.



Landamæranefndirnar eru einnig helsta tenging okkar við fulltrúa atvinnulífsins og stjórnábyrgðar á hverju svæði og skipta því miklu máli fyrir það starf og þau markmið sem Norðurlandaráð leggur áherslu á, svo sem bættar samgöngur, öflugri atvinnuþróun og aukin menningarskipti og gagnkvæman skilning.

Norðurlöndum, 12. apríl 2021

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Annette Lind (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinälüoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Johan Andersson (S)

Johan Kvarnström (sd)

Jorodd Asphjell (A)

Karin Gaardsted (S)

Kasper Roug (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Sjúrdur Skaale (Jvfl.)

Stein Erik Lauvås (A)

Ása Karlsson (S)